

Alþingi- Heilbrigðis - og tryggingarnefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Dags. / Date:

Tilvísun / Reference:

150 REYKJAVÍK

4.02.02

02-0063
000.25


Varðar Tillögu til Þingsályktunar nr 46. Mál um rannsóknir á áhrifum háspennilína, spennistöðva og fjarskiptamastra á líkamanna.

Vinnueftirlit ríkisins hefur fylgst með athygli með þessum málaflokki um nokkurt árabil. Á árinu 1994 var kynnt faraldsfræðileg rannsókn sem gerð hafði verið á Vinnueftirlitinu af starismönnum þess Vilhjálmí Rafnssyni og Hólmsfríði K Gunnarsdóttur sem laut að nýgengi krabbameina meðal 4540 rafíðnaðarmanna og tók hún til tímabilsins 1970 til 1990. Í þessari rannsókn fundust ekki marktæk tengsl við krabbamein. Helsta ástæða þess var án efa hversu fáir þátttakendur voru í rannsókninni og einnig að mæling á áhættu var ekki trygg.

Þegar litið er til þessara krabbameina, sem vísað er til í greinargerð með frumvarpinu þá hafa niðurstöður rannsókna ekki verið óyggjandi en almennt hefur áhættuhlutfall verið lágt borið saman við algengi þessara krabbameina. Einnig hefur það flækt þessar rannsóknir að skilgreiningar á áhættunni og þar með áhættusvæðinu hafa verið vandasamar og um þær ríkt óvissa. Almennig hefur haft af þessu áhyggjur sem endurspeglast í því að Bandaríkjaþing varði 23 milljónum dollara auk þess sem aðrir þarlendir aðilar settu annað eins í rannsókn sem hófst árið 1992 til þess að svara spurningu líkri því sem Þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir. Niðurstöður hafa ekki verið afgerandi eins og lýst er í frétt Breska læknablaðsins frá 1998 þar sem einn af vísindamönnum sem þátt tóku segir að ekkert hafi fundist sem bendi til tengsla en annar segir að möguleg tengsl hafi fundist en slíkt þarfnist frekari rannsókna.

Þegar lýðheilsa er höfð í huga er hins vegar ljóst að menn eiga að fara með gát í námd við alla mikilvirka umhverfisþætti sem aðeins hafa þekkt í nokkra áratugi og ekki er enn vitað hvaða áhrif hafa. Því er eðlilegt að stuðla að því við skipulagningu mannvirkja að almenningur og vinnandi fólk sé sem minnst útsett fyrir áhættum af því tagi sem um er fjallað í tillögunni. Einnig er skynsamlegt að skilgreina áhættuna og fylgjast með almennu heilsufari fólks sem er á meintu áhættusvæði með framsæknum rannsóknum, sem taka tillit til fleiri áhættuþátta en um er rætt í tillögu þessari. Er þessi niðurstaða mjög í samræmi við tillögur Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), þar sem þessi þættir eru flokkaðir sem mögulega krabbameinsvaldandi (sbr Working Life no 4 2001)

Virðingarfyllst


Kristinn Tómasson,
Yfirlæknir Vinnueftirlitsins